

**Nd.**

**55. Frumvarp**

til laga um stimpilgjald.

Flutningsm.: Stefán Stefánsson og Einar Árnason.

**I. Almenn ákvæði.**

**1. gr.**

Þá er skjöl þau, sem um ræðir í lögum þessum, eru gefin út eða afgreidd af embættismanni, sem til þess er bær, á hann að sjá um, að þau sjeu stimpluð, eins og fyrir er mælt í lögum þessum, á kostnað þess manns, sem biður um að skjalið sje útgefið eða afgreitt.

## 2. gr.

Stjórnarráðið lætur búa til stimpilmerki, ákveður útlit þeirra, upphæð og hvernig þau skuli ónýta. Það ákveður einnig, hvernig haga skuli sölu á stimpilmerkjum. Sem endurgjald fyrir að sjá um stimplun skjala og reikningsfærslu má greiða 2 af hundraði af þeirri upphæð, sem inn kemur við sölu.

Stjórnarráðið hefir heimild til þess að láta búa til pappír með áletrun stimpilmerki, og má nota hann í stað stimpilmerkja.

## 3. gr.

Engin áhrif hefir það á stimpilskylduna, hve nær eða hvar skjal er útgefið, eða hvar útgefandi á heima. Við útreikning stimpilgjaldsins gilda þessar almennu reglur:

- a. Þegar stimpilgjald skal reiknað sem hundraðsgjald eftir verðhæð skjalsins, færast það niður í tölu, sem er deilanleg með 5, en má þó eigi vera minna en 10 aurar.
- b. Hljóði skjalið um vöru, skal farið eftir almennu verðlagi, þar sem samningar fara fram.
- c. Í afsals- og afhendingarskjölum og leigusamningum, sem þinglesin eru, skal ávalt tilfæra kaupverð, leigumála eða andvirðið, sem fyrir rjettindin kemur.

Nú inniheldur stimpilskylt skjal eigi nægilegar upplýsingar um verðmæti skjalsins, og getur valdsmaður þá heimtað af samningsaðiljum nákvæmari upplýsingar eða álit þeirra um það, eins og þeir hyggja sannast og rjettast, og afgreiðir hann eigi skjalið fyr en hann hefir fengið þær upplýsingar í þessu efni, er honum þykir nægja.

- d. Nú hljóðar stimpilskylt skjal um árlegar tekjur eða gjöld, sem eru áskilin eða lofuð um aldur og æfi, eða fyrir fleiri menn en þá, sem eru á lífi þá er skjalið er gert, eða um ákveðið tímabil, sem ekki er styttra en 25 ár, skal þá stimpilgjaldið reiknað af árgjaldinu tuttugu og fimmföldu. Ef árabilið er ákveðið innan við 25 ár, skal stimpilgjaldið vera af árgreiðslunni margfaldaðri með áratölunni.

Ef greiðsla er áskilin um æfitið einstaks manns eða fleiri manna, sem eru á lífi, þá er skjalið er gert, eða um annan óákveðinn tíma, skal telja stimpilgjaldið af árgjaldinu fimmföldu; ef árgjaldið er mismunandi, skal taka meðalgjaldið.

## II. Um stimpilgjald einstakra skjala.

### 4. gr.

Með  $\frac{1}{2}\%$  af verðhæðinni skal stimpla neðangreind skjöl:

- a. *Afsalsbrjef fyrir fasteignum og skipum*, þar með talin afsöl við fógeta-gerðir, skifti eða uppboð, svo og öll önnur skjöl um afsal fasteigna og skipa, hvort heldur eru kaupsamningar, makaskiftabrjef, gjafabrjef, próventusamningar eða önnur slík skjöl. Enn fremur erfðafestubrjef, ef þau veita kaupanda rjett til að selja og veðsetja eignina. Ef giftingarvottorð,

erfðaskrá eða önnur slík skjöl, eru þinglesin sem heimild fyrir fasteign eða skipi, skal ekkert stimpilgjald greiða, nema því að eins, að endurgjald sje áskilið til meðferingja eða annara, því þá skal reikna stimpilgjald sem að framan greinir eftir endurgjaldinu.

Að öðru leyti skal reikna stimpilgjaldið fyrir öll slík heimildarskjöl eftir því kaupverði, sem sett er á eignina í afsalsbrjefinu. Með kaupverðinu skal telja veðskuldir og aðrar kvaðir, sem kaupandi eða rjettþegi tekur að sjer. Föst kúgildi teljast með í kaupinu eða afsalinu, en fylgi því annar fjenaður eða lausafje, og verðhæð þess er sönnuð áður en skjalið er þinglesið, skal ekkert stimpilgjald greiða af því.

Þegar kaupsamningur er þinglesinn, má þinglesa afsalsbrjef til sama kaupanda án þess það sje stimplað á ný. Ef heimildarbrjef er framselt, er það skoðað sem sjerstakt afsalsbrjef og stimplað svo.

- b. *Byggingarbrjef og leigusamninga* um fasteignir og skip, eftir þeim reglum, sem segir í 3. gr. d. — Ef áskilinn er uppsagnarfrestur til þess að leigumálar falli niður, álist samningurinn gerður um óákveðinn tíma. Framsal á slíkum rjettindum skal stimpla eins og segir í staflið a. um framsal heimildarbrjefa.
- c. *Skjöl, sem heimila rjett til fiskiveiða, eða veiðirjettindi, leggja ttök, iskyldur eða kvaðir á annars manns fasteign*, ef endurgjald er greitt eða áskilið, og fer stimpilgjald eftir endurgjaldinu. Ef ekkert endurgjald er greitt eða áskilið, skal stimpla skjalið sem yfirlýsingu. Framsal á þessum rjettindum skal stimpla á sama hátt, sem segir í staflið a. um framsal heimildarbrjefa.
- d. *Erfðaskrár*. Um leið og látið er tilkynt skiftaráðanda, skal hann grenslast eftir því, hvort erfðaskrá sje til, og ef svo er, gera ráðstafanir til, að hún sje send sjer þegar í stað ásamt öllum þeim upplýsingum, sem nauðsynlegar eru til þess, að ákveða stimpilgjaldið, en það skal gert þannig, að gjaldið skuli reiknað eftir þeirri upphæð, sem samkvæmt erfðaskránni fellur til arfs, að frádreginni þeirri upphæð, sem að lögum hefði fallið í arf til hvers einstaks erfingja eða gjafþega. Minsta stimpilgjald er þó 2 krónur.

Ákvæði um að ekkja skuli sitja í óskiftu búi, skal stimpla með 1 kr., ef þau eru sjerstaklega gerð.

Um dánargjafir og gjafarfa gilda sömu reglur sem um erfðaskrár.

Eftirláttnar eigur arfleiddanda skal reikna til stimpilgjalds á sama hátt sem til erfðafjargjalds. Stimpilgjaldið greiðist einungis einu sinni, eftir þeim erfðaskrár-ákvæðum, sem gilda við andlátið, jafnvel þó þau standi í fleiri skráum en einni. Gjaldið hvílir sameiginlega á öllum erfingjum, einum fyrir alla og öllum fyrir einn, en að öðru leyti hvílir skyldan, nema öðru vísi sje ákveðið í erfðaskránni, á hverjum erfingja út af fyrir sig, hlutfallslega við það, sem honum hlotnast eftir henni fram yfir þann arf, sem honum hafði borið að lögum. Ef einn eða fleiri menn hafa með erfðaskránni hlotið rjett til að njóta vaxta eða þegið gjafir, skal skiftaráðandi ákveða, hvernig skifta skuli stimpilgjaldi milli þeirra, þó þannig, að sá, sem er óánægður með úrskurð hans, getur skotið málinu til stjórnarráðsins, er leggur fullnaðarúrskurð á málið.

Stimpilgjaldið skal greiða um leið og erfðafjargjaldið; afsalsbrjef og önnur heimildarbrjef fyrir skipum skal stimpla um leið og skip er skrásett; erfðaskrár, þegar arfleiddandi deyr, en öll önnur skjöl, sem stimpilskyld eru samkvæmt þessari grein, um leið og þau eru þinglesin.

#### 5. gr.

Með  $\frac{1}{4}\%$  af verðhæðinni skal stimpla þessi skjöl:

- a. *Kaupmála* um leið og þeir eru staðfestir, eða, þegar staðfestingar þarf eigi, þá þegar þeir eru þinglesnir. Stimpilgjaldið skal reikna eftir verðhæð þess, sem haldið skal utan fjárfjelags af annars eða beggja hálfu.
- b. *Fjelagssamninga* um leið og þeir eru staðfestir eða þinglesnir. Gjaldið skal reiknað eftir upphæð alls þess fjár, sem aðiljar leggja í fjelagið, en er þó eigi, þegar staðfestingar er leitað, lægra en 10 krónur. — Sje fasteign eða skip afhent fjelaginu til eignar eða umráða, skal þó reikna stimpilgjaldið  $\frac{1}{2}\%$  af verðhæðinni, en þegar svo á stendur, má þó þinglesa samninginn eða skrásetja hann sem eignarheimild án frekara stimpilgjalds. Nú leggur einn aðili fram peningaupphæð eða peningagildi, en annar persónulega vinnu, og skal þá meta hana jafna peningaframlaginu, nema öðru vísi sje ákveðið í samningnum; sjeu peningaframlög mismunandi, skal telja vinnuna jafna lægsta framlaginu. Nú hljóðar samningur eigi um nein framlög, heldur að eins um persónulega vinnu aðilja í einhverjum arðsömum tilgangi, og skal þá stimpla hann með 10 krónum.

Ef aðiljar leysa upp fjelag sitt, og skjal um það er þinglesið eða skrásett sem heimild fyrir fasteign eða skipi, skal stimpla það sem eignarskjal, ef fasteignin eða skipið fellur til annars en þess, sem eftir stimpluðu heimildarskjali hefir lagt það í fjelagið, ella skal skjalið stimpla sem yfirlýsing.

- c. *Skuldabryef og veðskuldabryef*, sem eru þinglesin með tryggingu í fasteign, skipi eða lausafje, svo og kyrsetningar- og aðfarargerðir, svo framarlega, sem fasteign hefir eigi verið lögð út til eignar.

Stimpilgjaldið skal reikna eftir upphæð skjalsins. Sje veðrjettur stofnaður fyrir væntanlegri eða óákveðinni skuld, skal reikna stimpilgjaldið eftir þeirri upphæð, sem frekast er ætlast til að tryggja.

- d. *Framsali á skjölum þeim*, sem nú voru nefnd undir staflið c, ef framsalið er þinglesið, hvort sem framsalið er ritað á sjálft skjalið eða á sjerstakt skjal. Stimpilgjaldið skal reikna eftir þeirri skuldarupphæð, sem framseld er, eða veðrjetti þeim, sem framseldur er.
- e. *Yfirfærslu á skyldum skuldunauts til annars*, ef skjalið er þinglesið, jafnvel þó yfirfærslan sje rituð á skjal, sem áður hefir verið stimplað.

Ef stimpilskyld eignar- eða heimildarbrjef skyldar kaupanda til þess að taka að sjer veðskuldir, eða á annan hátt að greiða nokkurn hluta kaupverðsins til seljanda eða þriðja manns, og veðbrjef um þessa skyldu er eigi þinglesið, skal stimpla heimildarbrjefið að þessu leyti sem veðskuldabryef, en þá má siðar þinglesa veðbrjefið án frekara stimpilgjalds. Nú er kaupsamningur þinglesinn, sem skyldar kaupanda til þess að greiða af kaupverðinu, áður en afsalsbrjef er gert, og skal þá ekkert stimpilgjald greiða, nema samningurinn sje sjerstaklega þinglesinn sem veðbrjef að þessu leyti.

6. gr.

Eftirnefnd skjöl og brjef skal stimpla með föstu gjaldi:

- a. *Yfirlýsingar*, sem eru þinglesnar eða skrásettar, skal stimpla með einni krónu, ef þær falla ekki undir nein ákvæði, sem nefnd eru að framan.
- b. *Borgarabrjef til verslunar* með 10 krónum; borgarabrjef handiðnamanns eða skipstjóra með 5 krónum. Sveinsbrjef með 2 krónum. Málafærslumannsleyfi með 20 krónum.
- c. *Leyfisbrjef, sem stjórnarráðið* eða *valdsmenn* gefa út, skal stimpla svo sem hjer segir:

*Einkaleyfis veitingabrjef* með 50 krónum.

*Leyfisbrjef, sem veita undanþágu* frá skilyrðum, sem sett eru í einkaleyfis veitingabryefum með 25 krónum. *Vigslubrjef* með 1 kr.; önnur leyfisbrjef með 2 kr.

- d. *Embættisveitingabrjef* eða *sýslanabrjef*, sem stjórnarráð, sýslumenn, bæjarstjórnir eða önnur stjórnarvöld veita, skal stimpla þannig: Ef árslauin ekki eru yfir 1000 kr. með 2 krónum, ef launin eru frá 1000 kr. til 2000 kr. með 4 kr., ef þau eru frá 2000 kr. til 3000 kr. með 8 kr., ef þau eru frá 3000 kr. til 4000 kr. með 12 kr., og sjeu þau þar yfir (4000 kr.) með 16 kr.
- e. *Mælingabrjef* skipa frá 12—30 tons með 1 kr., frá 30 - 100 tons með 2 kr. og sjeu þau þar yfir með 5 kr.
- f. *Sáttakærur, lyrirköll, stefnur og innlegg fgrir undirrettu og prófastsrjetti* skal stimpla með 50 aurum um leið og þau eru lögð fram í rjettinn. — Útdrætti, afrit og vottorð, sem einstakir menn biðja um úr dómsmálabókum, skiftabókum, uppboðs- og notarial-bókum, veðbókum, skipaskráningarbókum, firmaskránni og vörumerkjaskránni, skal stimpla með 50 aurum. Sama stimpilgjald skal greiða fyrir notarial-gerðir og notarial-vottorð, hvers konar sem eru, þar á meðal notarial-vottorð um undirskrift, um stefnubirtingu, afsögn á vixli o. s. frv.

Fullkomnar dómssgerðir eða aðrar rjettargerðir in forma fyrir hjeradsrjetti skal stimpla með 2 kr. Þingsvitni skal stimpla með 1 kr. Stimpilfrjáls eru þó þingsvitni, sem tekin eru til þess að öðlast verðlaun fyrir björgun frá druknun, eða þegar slys ber að höndum. Stefnu og innlegg til yfirrettar, skipaðra (commissions) dómstóla og synodalrjettar, skal stimpla með 2 kr. við framlagninguna. Dómssgerðir frá sömu rjettum með 4 kr.

Í opinberum málum og barnsfaðernismálum greiðist ekkert stimpilgjald. Í gjafsóknarmálum er gjafsóknarhafi undanþeginn því að greiða stimpilgjald bæði við rekstur málsins og fyrir útskriftir þær og vottorð, er hann kann að þurfa til upplýsingar í málinu. En verði hinn málsaðili dæmdur til þess að greiða honum málskostnað, skal hann einnig skyldur til þess að greiða þau stimpilgjöld, er greiða hefði átt, ef málið hefði ekki verið gjafsóknarmál.

- g. *Löggiltar verslunarbækur* skal stimpla með 2 krónum.
- h. *Útnefningar utanrjettar* skal stimpla með 1 krónu.

#### 7. gr.

Öll önnur skjöl en þau, er nú hafa verið nefnd, eru stimpiltrjáls; svo eru og undanþegnar stimpilgjaldi þær bækur, brjef og skuldbindingar, sem um getur í 14. gr. laga nr. 11, 7. júní 1902, um heimild til að stofna hlutafjelagsbanka á Íslandi.

Þegar skjal, sem þegar er stimplað eftir einhverri af reglum þeim, sem að framan greinir, verður stimpilskylt á ný eftir annari reglu, t. a. m. þegar veðskuldarbrjef, sem er undirskrifað í viðurvist notarii, er afhent til þinglesturs, þá skal skjalið stimpla að fullu eftir báðum reglum. Hins vegar er skjal, sem þegar er stimplað við þinglestur þess eða skrásetning, ekki stimpilskylt á ný, þó það, eða samrit af því, sje þinglesið eða skrásett í öðrum lögsagnarumdæmum, og ekki heldur þó það vegna áteiknunar verði á ný afgreitt af yfirvaldi, nema áteiknunin sé framsal eða á annan hátt hafi sjálfstæða stimpilskyldu í för með sjer.

### III. Ýms ákvæði.

#### 8. gr.

Þegar skjal, sem er stimpilskylt samkvæmt framanskráðum reglum, er afhent embættismanni, skal hann skýra hlutaðeiganda frá upphæð stimpilgjaldsins, eða, ef ekki er hægt að reikna það út, heimta þegar nauðsynlegar upplýsingar í því efni. Skal það vera aðalregla að greiða stimpilgjaldið þegar í stað. Nú er stimpilgjald eigi greitt þegar í stað, og má eigi synja um stimplun skjalsins og afgreiðslu að heldur, ef það getur valdið hlutaðeiganda rjettarmissi eða verulegum óþægindum, og skal þá embættismaður annast um innheimtu stimpilgjaldsins eftir á. Eigi má heldur fresta afgreiðslu skjals af því að embættismaður tortryggir upplýsingar þær, er liggja til grundvallar fyrir verðhæðinni, en þegar svo stendur á, getur hann látið virðingu fram fara af útnefndum mönnum. Meti þeir verðmæti skjalsins að minsta kosti 10% hærra en skýrt var frá, skal sá, er stimpilskyldan hvílir á, borga virðingarkostnaðinn, ella greiðist hann úr landssjóði.

#### 9. gr.

Nú verður það uppvist, að verðhæð skjals, sem er stimpilskylt, er sett lægri en rjett er, til þess að svikjast undan gjaldi, eða ósannar skýrslur eru vísvitandi gefnar í sama skyni, og skal þá greiða fult gjald og auk þess sekt, er sje að minsta kosti fimmfalt hærri en stimpilgjaldið. Sektina ákveður lögreglustjóri með úrskurði, er áfrýja má til yfirrjettar.

Sömu ábyrgð skal sá sæta, sem til þess að komast undan stimpilgjaldi á erfðaskrá, lætur fyrirfarast að leggja hana fram í skiftarjetti við andlát arfleiddanda.

#### 10. gr.

Sektir og ógoldin stimpilgjöld má taka lögtaki. Gjöld þessi hafa sama forgöngurjett sem önnur gjöld til landssjóðs.

Sá einn svarar til sekta, er gerst hefir sekur í brotinu.

Þegar um einkaskjöl er að ræða, bera þeir ábyrgð á greiðslu stimpilgjaldsins, einn fyrir alla og allir fyrir einn, útgefandi skjalsins, viðtakandi og sá, sem beiðist afgreiðslu hlutaðeigandi stjórnarvalds á því. Þá er um önnur skjöl er að ræða, ber sá ábyrgð á greiðslunni, sem biður um afgreiðslu. Sektirnar renna í landssjóð. Stjórnarráðið getur fært sekt niður eða enda látið hana falla alveg niður, ef sjerstakar ástæður mæla með því.

#### 11. gr.

Ákvörðunum þeim og úrskurðum, sem yfirvöldin gera um stimpilskylduna, má áfrýja til stjórnarráðsins, en þó er eigi að síður heimilt að leggja málið fyrir dómstólana.

#### 12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1918. Þau gilda um allar opinberar afgreiðslur, sem stimpilskylda er bundin við, ef afgreiðslu er beiðst eftir þann dag, og stendur þá á sama, hve nær skjalið er sett og samið. Þegar stimpilfrjáls skjöl eru afhent til afgreiðslu vegna framsals eða áteiknana, skal reikna stimpilgjaldið eingöngu eftir framsalinu og áteiknaninni.

#### Á s t æ ð u r :

Það sem einkum hefir leitt til þess, að við berum fram þetta frumvarp, sem samið er af skattamálanefndinni 1907, eru þau fjárhagsvandræði, sem sjáanlega eru fyrir hendi, þar sem það tvent fer saman, að tekjur landssjóðs verða stórum mun minni en hin síðustu undanfarin ár, og að hinu leytnu þörfin á því óvenjulega mikil og brýn, að landssjóður dragi úr ýmiskonar vandræðum, sem að kalla og leiða af fjárskorti. Að vísu verður þetta ekki stór tekjugrein fyrir landssjóð, en samkvæmt áætlun skattanefndarinnar ættu þær tekjur þó að nema 50—60 þús. kr. á fjárhagstímabilinu.

Hvað gjald þetta snertir, þá kemur það einkum fram á efnamönnum og fjárbröskurum, og að því leyti rjettmætur gjaldstofn og lítt tilfinnanlegur.